



TILLAGA

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Sendandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Umsagnarbeiðni - Tillaga íbúaráðs Grafarvogs um aukið aðgengi að fundum íbúaráða

Á fundi íbúaráðs Grafarvogs 11. maí 2022 lagði ráðið fram svohljóðandi tillögu dags. 11. maí 2022, sbr. 2. liður fundargerðar ráðsins sama dag:

Lagt er til að þegar ný íbúaráð verða skipuð að allir fundir verði sendir út í streymi líkt og nú er gert ásamt því að íbúum verði gert kleift að mæta og taka þátt í umræðum sem fram fara á fundunum. Það skapar mun meira íbúalýðræði að hafa fundina opna íbúum og fá þá til þess að taka þátt í þeim málefnum sem þar eru rædd. Einnig er lagt til að dagskrá funda íbúaráðsins verði auglýstir á vefmiðlum og prentmiðli hverfisins, Grafarvogsblaðið.

Tillögunni var vísað til umsagnar mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráðs. Þessu er komið á framfæri og umsagnar óskað innan þriggja vikna.

Virðingarfyllt,
Heimir Snær Guðmundsson
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar